

VERKLAGSREGLUR

um útgáfu skilríkja sýslumanna og löglærðra fulltrúa þeirra.

1. gr.

Útgáfa skilríkja.

Ráðuneytið gefur út skilríki sýslumanna en sýslumaður gefur út skilríki löglærðra fulltrúa sinna í samræmi við verklagsreglur þessar og reglugerð nr. 882/2013 um einkennisfatnað, skilríki og merki sýslumanna og löglærðra fulltrúa þeirra.

2. gr.

Umsjón með gerð og skráningu skilríkja.

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum er umsjónaraðili með útgáfu skilríkja fyrir ráðuneytið og aðra sýslumenn. Umsjónaraðila er heimilt að semja við sérhæfðan aðila um gerð skilríkja fyrir hönd ráðuneytisins og allra sýslumanna, og skulu sýslumenn snúa sér til þess aðila um gerð þeirra.

Umsjónaraðili skal halda skrá yfir útgefin skilríki þar sem fram koma þær upplýsingar sem tilgreina skal á skilríkinu skv. 3. gr. ásamt því hvenær skilríki var afhent. Skráin skal einnig geyma upplýsingar um glötuð skilríki. Sýslumenn skulu tilkynna umsjónaraðila jafnharðan um þau atriði sem skráin skal geyma. Skráin skal varðveitt á innri vef sýslumanna eða með samsvarandi hætti.

3. gr.

Útlit og efni skilríkja.

Skilríki skal vera úr plasti eða svipuðu efni og í sömu stærð og ökuskírteini skv. reglugerð nr. 830/2011 um ökuskírteini.

Grunnlitur skilríkis skal vera hvítur með korti af Íslandi í ljósgráum lit í bakgrunni. Dökkblá 15 mm breið rönd skal vera efst á skilríkinu með skjaldarmerki íslenska ríkisins til vinstri og merki sýslumanna til hægri og áletruninni „Sýslumaður“ þar á milli. Á hvíta fleti skilríkisins skal vera heiti sýslumannsembættis og andlitsmynd af skilríkishafa í stærðinni 25x20 mm, ásamt nafni hans, kennitölu, stöðuheiti, útgáfudegi skilríkis og raðnúmeri þess. Raðnúmer skal myndað af fjárlaganúmeri embættis og þriggja stafa undirnúmeri.

Skilríki sýslumanns skal undirritað af ráðuneytisstjóra og bera stimpil ráðuneytisins, en skilríki löglærðs fulltrúa sýslumanns skal undirritað af sýslumanni og bera stimpil embættis hans.

Bakhlið skilríkis skal vera hvít og með korti af Íslandi eins og á framhlið. Þar skulu vera upplýsingar á íslensku og ensku um hvers konar skilríki er að ræða ásamt leiðbeiningum um hvað gera skuli ef glatað skilríki finnst.

Heimilt er að útbúa veski utan um skilríki, sem þá skal teljast hluti þess, með skjaldarmerki Íslands eða merki sýslumanna og orðinu „Sýslumaður“ eða heiti hlutaðeigandi embættis. Skulu veski vera í svörtum eða brúnum lit.

4. gr.

Gildistími skilríkja.

Skilríki gilda ótímabundið en falla þó úr gildi um leið og skilríkishafi lætur af störfum hjá embætti sýslumanns. Endurnýja skal skilríki ef upplýsingar á þeim eiga ekki lengur við, eru orðnar ógreinilegar eða útlit viðkomandi hefur breyst það mikið að hann þekkist illa eða ekki af myndinni að mati sýslumanns.

5. gr.

Varðveisla skilríkja.

Skilríki er eign þess embættis sem gefur þau út og skulu skilríki sem ekki eru í notkun varðveitt hjá því embætti eða þeim eytt. Skilríkishafa ber að skila hlutaðeigandi sýslumanni skilríki sínu er hann lætur af störfum.

6. gr.

Glötuð skilríki.

Nú glatast skilríki og skal þá án tafar tilkynna það ráðuneytinu eða hlutaðeigandi sýslumanni.

7. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 18. gr. reglugerðar nr. 882/2013 um einkennisbúninga, einkenni og skilríki sýslumanna og löglærðra fulltrúa þeirra og öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu

17. febrúar 2015

f.h.r.

Ragnhildur Hjaltadóttir

Hermann Sæmundsson